



## Þriggja mánaða uppgjör Landsvirkjunar

### Örugg orkuvinnsla á tímum heimsfaraldurs

#### Helstu atriði árs hlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 44,0 milljónum USD (6,3 ma.kr.), en var 50,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður og lækkar því um 12,7% milli tímabila.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 31,5 milljónir USD (4,5 ma.kr.) en var 41,2 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 126,2 milljónum USD (17,9 ma.kr.) og lækka um 7,0 milljónir USD (5,3%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 54,2 milljónir USD (7,7 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok mars 1.637,3 milljónir USD (232,5 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 75,4 milljónum USD (10,7 ma.kr.) sem er 10,2% lækkun frá sama tímabili árið áður.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Afkoman á fyrsta ársfjórðungi er vel viðunandi í ljósi þess að ytri aðstæður voru áfram krefjandi í rekstri Landsvirkjunar, en sala raforku dróst saman um 3,4% miðað við sama fjórðung í fyrra. Raforkuverð lækkaði einnig í þeim samningum sem eru tengdir álverði eða Nord Pool raforkuverði. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 44 milljónum Bandaríkjadollara, samanborett við 50,5 milljónir á sama tímabili árið áður.

Áhrif COVID-19 veirufaraldursins á afkomuna eru þó nokkur á fyrsta ársfjórðungi og munu verða enn meiri á næstu mánuðum. Mikilvægasta verkefni Landsvirkjunar á tímum COVID-19 hefur verið að tryggja orkuvinnslu í aflstöðvum og afhendingu rafmagns til viðskiptavina, samhliða því að tryggja heilsu og öryggi starfsmanna.


Fyrirtækið er vel í stakk bútt til að fást við þær áskoranir sem framundan eru, eftir mikla niðurgreiðslu skulda á undanförunum árum, og leggja sitt af mörkum til að styðja við samfélagið við þessar erfiðu aðstæður. Nýverið var tilkynnt um 12 milljarða króna framlag til ýmissa nýframkvæmda, endurbóta og viðhalds á orkuvinnslusvæðum á næstu þremur árum, auk þess sem við munum veita tímabundna afslætti af raforkuverði til viðskiptavina meðal stórnotenda að fjárhæð 1,5 milljarða króna. Þá var einnig tilkynnt um undirbúning rannsókna- og þróunarverkefnis á Suðurlandi og Norðurlandi í samstarfi við hagaðila í nærsamfélaginu og að við hygðumst flýta verkefnum á sviði stafrænnar þróunar. Einnig var ákveðið að Landsvirkjun myndi greiða 10 milljarða króna í arð til ríkissjóðs í ár, eða meira en tvöfalt hærri upphæð en á síðasta ári.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 142




## Rekstur

### Þróun rekstrartekna



Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur Landsvirkjunar bætast við neikvæð áhrif lágs álverðs og veikrar krónu. Margir viðskiptavinir Landsvirkjunar finna nú fyrir þrengingum á mörkuðum fyrir þeirra afurðir, verulega hefur dregið úr eftirspurn eftir framleiðsluvörum og dæmi um að markaðir hafi alveg lokast. Af þeim ástæðum hafa sumir viðskiptavinir þurft að draga tímabundið úr starfsemi sinni. Gagnaversviðskiptavinir eru bjartsýnir á framtíðina þrátt fyrir tímabundnar áskoranir og mögulegan samdrátt í eftirspurn til skamms tíma. Rekstrartekjur námu 126 m. USD á fyrsta ársfjórðungi sem er 5% lægra en á sama tímabili árið áður.


### EBITDA og EBITDA hlutfall






Rekstrargjöld hækka milli ára meðal annars vegna óveðurs í byrjun árs. Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 92 m. USD á fyrsta ársfjórðungi sem er 10 m. USD lægra en á sama tímabili árið áður.

### Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 44 m. USD á fyrsta ársfjórðungi sem er 13% lækkun miðað við sama tímabil í fyrra.

### Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á F1 2020




### Eiginfjárhlutfall hækkar enn


Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 75 m. USD á tímabilinu sem er 9 m. USD lægra en á sama tímabili í fyrra. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) hafa lækkað um 54 m. USD frá áramótum en þær hafa lækkað um 165 m. USD frá sama tíma í fyrra. Eiginfjárhlutfall hefur nú náð 52% í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins.



## Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé samstæðunnar nam 97 m. USD í lok mars 2020 og hefur lækkað um 14 m. USD frá áramótum.



## Horfur í rekstri

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir raforku um heim allan og finna nú margir viðskiptavinir Landsvirkjunar fyrir þrengingum á mörkuðum fyrir þeirra afurðir. Landsvirkjun mun koma til móts við viðskiptavinum vegna hugsanlegra rekstrarerfiðleika með því að veita tímabundna afslætti af raforkuverði til viðskiptavina meðal stórnotenda. Auk þess undirbýr Landsvirkjun ýmsar aðgerðir til að taka þátt í því átaki sem er framundan í atvinnu- og efnahagsmálum eftir kórónuveirufaraldurinn. Mikilvægasta verkefni Landsvirkjunar á tímum COVID-19 hefur verið að tryggja örugga orkuvinnsla í aflstöðvum og afhendingu rafmagns til viðskiptavina, samhliða því að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks. Afkoma Landsvirkjunar heldur áfram að vera sterk og var nýlega tilkynnt um 10 milljarða króna arðgreiðslu til ríkissjóðs í ár, eða meira en tvöfalt hærra upphæð en á síðasta ári.

Reykjavík, 15. maí 2020

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



## Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2020	2019	2018	2017	2016
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	124.886	131.388	142.810	119.465	104.294
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði .....	1.276	1.769	( 1.648)	( 653)	1.209
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	126.162	133.157	141.162	118.812	105.503
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 34.177)	( 30.706)	( 35.893)	( 30.544)	( 23.296)
<b>EBITDA</b> .....	91.985	102.451	105.269	88.268	82.207
Afskriftir og virðisryrnun .....	( 31.955)	( 33.696)	( 30.623)	( 29.180)	( 29.273)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	60.030	68.755	74.646	59.088	52.934
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 15.992)	( 18.292)	( 18.720)	( 15.307)	( 15.108)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	44.038	50.463	55.926	43.781	37.826
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	( 23.792)	6.842	( 39.556)	42.555	( 3.809)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	5.902	( 5.002)	16.879	( 8.110)	( 155)
Óinnleystur gjalddeyrismunur .....	19.916	9.366	( 18.856)	( 3.568)	( 26.896)
	2.026	11.206	( 41.533)	30.877	( 30.860)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	46.064	61.669	14.393	74.658	6.966
Tekjuskattur .....	( 14.551)	( 20.508)	( 5.328)	( 25.277)	( 3.522)
<b>Hagnaður</b> .....	31.513	41.161	9.065	49.381	3.444
<b>Efnahagur</b>	<b>31.3.2020</b>	<b>31.3.2019</b>	<b>31.3.2018</b>	<b>31.3.2017</b>	<b>31.3.2016</b>
Eignir samtals .....	4.341.997	4.440.665	4.712.186	4.472.638	4.261.913
Eigið fé samtals .....	2.260.836	2.200.167	2.072.166	2.017.992	1.920.232
Skuldir samtals .....	2.081.161	2.240.498	2.640.020	2.454.646	2.341.681
Nettó skuldir .....	1.637.277	1.801.882	2.038.072	1.965.833	1.974.816
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	75.412	83.989	81.142	66.285	68.711
Fjárfestingar .....	( 19.272)	( 17.832)	( 42.582)	( 67.732)	( 22.248)
Fjármögnun .....	( 66.471)	( 54.022)	160.679	95.757	( 64.717)
Lausafé alls .....	276.792	474.338	716.710	713.601	491.176
Eiginfjárhlutfall .....	52,1%	49,5%	44,0%	45,1%	45,1%
Arðsemi eiginfjár .....	4,7%	7,4%	3,4%	5,9%	1,8%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	5,55x	4,75x	5,55x	5,26x	4,68x
Nettó skuldir / EBITDA .....	4,49x	4,66x	5,62x	6,39x	6,28x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.